

Ed. 511. Frumvarp til laga [185. mál]

um breyting á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967—68.)

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Veðlánakerfi til aðstoðar við byggingu íbúðarhúsnæðis skal starfrækt undir sameiginlegri stjórn húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands.

Til öflunar fjár í byggingarsjóð ríkisins er veðdeild Landsbanka Íslands heimilt að gefa út og selja skuldabréf (bankavaxtabréf) sem svarar heildarupphæð árlegra lánveitinga húsnæðismálastjórnar til íbúðabygginga. Skuldabréf þessi skulu vera með föstum vaxtafæti og endurgreiðast með jöfnum árgreiðslum vaxta og afborgana (annuitet), sjá þó 5. málsg. þessarar gr.

Skuldabréf þessi og vextir af þeim skulu vera undanþegin sköttum, útsvari og framtalsskyldu á sama hátt og innstæður í bönkum.

Ríkissjóður ber einfalda ábyrgð á skuldbindingum samkvæmt bréfum þessum.

Hagstofa Íslands skal reikna vísitölu, er sýnir breytingar á dagvinnutímakaupi fyrir almenna verkamannavinnu í Reykjavík, samkvæmt nánari ákvörðun hennar. Grunntími þessarar vísitölu skal vera 1. febrúar 1968, og skal hún framvegis reiknuð fjórum sinnum á ári, miðað við fyrsta dag mánaðanna febrúar, maí, ágúst og nóv-

ember. Gildistími hvernar vísitölu í sambandi við útgáfu skuldabréfa samkvæmt 2. málsg. þessarar gr. og C-liðs 7. gr. er 3 mánuðir og reiknast frá 1. degi þess mánaðar, er vísitalan er við miðuð.

Á ársgreiðslur lána, er byggingarsjóður tekur samkvæmt 2. málsg. þessarar gr., skal greiða hlutfallslega viðbót, sem svarar helmingi þeirrar hækkunar, er hverju sinni hefur orðið á kaupvísitölu (sbr. 5. málsg. þessarar gr.) frá útgáfutíma skuldabréfs og til 1. febrúar næst fyrir hverja ársgreiðslu.

Ráðherra ákveður að öðru leyti gerð þessara skuldabréfa og setur nánari reglur um útgáfu þeirra. Skal fara eftir þeim reglum, er gilda um útgáfu bankavaxtabréfa veðdeildar Landsbankans, nema ráðherra ákveði annað.

2. gr.

3. málsg. A-liðs 7. gr. orðist svo:

Húsnæðismálastjórn getur enn fremur veitt sveitarfélögum, Öryrkjabandalagi Íslands og elliheimilum lán til byggingar leiguhúsnæðis í kaupstöðum og kaup-
túnum. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um slíkar leiguíbúðir.

3. gr.

Fyrri málsg. C-liðs 7. gr. orðist svo:

Ársvextir af lánum þessum skulu vera 4%, þau skulu vera afborgunarlaus fyrsta árið, en endurgreiðast síðan að fullu á 25 árum með jöfnum ársgreiðslum vaxta og afborgana (annuitet). Hvert lán skal vera tryggt með 1. veðrétti í viðkomandi íbúð. Á vexti af lánum þessum fyrsta árið, og af ársgreiðslum af þeim síðar, skal skuldari greiða hlutfallslega viðbót, sem svarar helmingi þeirrar hækkunar, er hverju sinni hefur orðið á kaupvísitölu (sbr. 5. málsg. 5. gr.) frá lántökutíma og til 1. febrúar næst fyrir hverja ársgreiðslu. Til greiðslu á kostnaði veðdeildar Landsbankans vegna starfa hennar í þágu byggingarsjóðs skulu skuldarar árlega greiða sem svarar $\frac{1}{4}\%$ af lánsfjárhæðinni. Skal gjald þetta reiknað á sama hátt og árlegir vextir, og við það skal lögð hlutfallslega sama vísitöluviðbót og greidd er á árs-
greiðslu af láninu hverju sinni.

4. gr.

1. másl. 3. málsg. 10. gr. orðist svo:

Þegar sá, sem sparað hefur fé og lagt í sjóð samkvæmt 1. málsg., hefur náð 26 ára aldri — eða stofnað til hjúskapar, verði það fyrr — skal hann eiga þess kost að fá endurgreitt sparifé sitt samkvæmt 1. málsg. með 4% vöxtum frá þeim tíma, er það var inn lagt, og með viðbót samkvæmt kaupvísitölu (sbr. 5. málsg. 5. gr.).

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir, sem fengið hafa vísitölubundin lán hjá veðdeild Landsbankans á tímabilinu 24. júlí 1964 og til gildistöku þessara laga, skulu á gjalddaga ársgreiðslu 1. maí 1968 greiða álag á hana samkvæmt vísitölu 194 stig. Tekur þetta jafnt til lána, sem tengd eru framfærsluvísitölu, sem til lána, sem tengd eru kaupgreiðsluvísitölu. Á ársgreiðslur af slíkum lánum, sem falla í gjalddaga eftir 1. maí 1968, skulu skuldarar greiða hlutfallslega viðbót sem svarar helmingi þeirrar hækkunar, sem hverju sinni hefur orðið á kaupvísitölu (sbr. 5. málsg. 5. gr.) frá 1. febrúar 1968 og til 1. febrúar næst fyrir gjalddaga hvernar ársgreiðslu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar hinn 16. marz 1968 í sambandi við nýja kjarasamninga. Í yfirlýsingu þessari segir meðal annars, að ríkisstjórnin muni láta undirbúa og leggja fyrir Alþingi nú tillögur um breytingu vísitöluákvæða í húsnæðislánasamningum til hagsbóta fyrir lántakendur. Jafnframt munu verða teknir upp samningar við aðila, er keypt hafa vísitölubundin íbúðalánabréf, um að þeir fallist á breytt kjör, svo að tekjutap Byggingasjóðs verði sem minnst. Með hinu breytta fyrirkomulagi verði stefnt að því, að vísitölubreyting íbúðalána verði ekki hærri en nemi helmingi breytingarinnar á almennum kaupþóxtum verkafólks. Hin nýju kjör gildi um öll lán, er veitt hafa verið síðan kerfisbreytingin var gerð 1964.

Aðalefni þessa frumvarps er það, að vísitöluákvæðum þeim, sem nú gilda um íbúðalán, er breytt til hagsbóta fyrir lántakendur eftir því, sem nánar greinir í yfirlýsingunni.

Skal nú vikið að einstökum greinum:

Um 1. gr.

Heimild veðdeildarinnar til útgáfu bankavaxtabréfa er nú bundin við 400 milljón króna hámark á ári. Þörfin á útgáfu slíkra bréfa er algerlega háð þeirri fjárhæð, sem húsnæðismálastjórn hefur árlega til ráðstöfunar. Í raun og veru er veðdeildin lánveitandi, en ekki byggingasjóðurinn. Hins vegar kaupir byggingasjóður bankavaxtabréf veðdeildarinnar, en andvirði þeirra ver veðdeildin til lánveitinga þeirra, sem húsnæðismálastjórn hefur ákveðið. Á árinu 1967 nam útgáfa bankavaxtabréfa 391 milljón króna. Fyrr en varir gæti því núgildandi hámarksákvæði hindrað lánveitingar, sem annars væri unnt að láta í té. Það er því lagt til að fella niður gildandi hámarksákvæði og setja í staðinn viðmiðunina: heildarfjárhæð árlegra lánveitinga húsnæðismálastjórnar til íbúðabygginga.

Í 5. mgr. eru ákvæði um nýja kaupvísitölu í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Verður hún reiknuð út fjórum sinnum á ári af Hagstofu Íslands.

Aðrar breytingar þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Hér er lagt til, að heimilt sé að veita elliheimilum lán til bygginga leiguíbúða með sama hætti og sveitarfélögum og Öryrkjabandalagi Íslands.

Um 3.—4. gr.

Breyting sú, sem í greinum þessum felst, er í samræmi við breytt vísitöluákvæði. Þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í bráðabirgðaákvæðinu felst, að hin fyrri kaupgreiðsluvísitala mun gilda um breytingar á árgreiðslu íbúðalána með þeim breytingum, er á henni verða fram til 1. desember 1967, sbr. 1. gr. laga nr. 70/1967 um verðlagsuppbót á laun og um vísitölu framfærslukostnaðar. Var kaupgreiðsluvísitalan þá orðin 194 stig. Eftir 1. febrúar 1968, en miðað við þann dag verður reiknuð út grunnvísitala hinnar nýju kaupvísitölu, mun árgreiðsla þessara lána miðast að helmingi við breytingar á kaupvísitölunni, eins og segir í bráðabirgðaákvæðinu. Þar sem lán, sem hafa gjalddaga

**1. maí n.k., miðast við vísitölu 1. febrúar, mun launahækkunin, er varð með kjara-
samningum nú í marzmánuði, ekki hafa áhrif á lánagreiðslur fyrr en á næsta ári.**